

Fundargerð aðalfundar Samtakanna '78 2017

Laugardaginn 18. mars 2016
Suðurgötu 3, 101 Reykjavík.



Auglýstur tími aðalfundar var kl. 13.00–15.30, en fyrir fundinum lá dagskrá í 11 liðum sem auglýst hafði verið með aðalfundarboði. Um morguninn fór fram örnámskeið um fundarsköp í umsjón Daníels Arnarssonar, sem var liður í dagskrá aðalfundar.

Formaður, María Helga Guðmundsdóttir, setti aðalfundinn klukkan 13:14 og hvatti félagsmenn til að nálgast ársskýrslu og ársreikninga á netinu.

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara
Daníel Arnarsson settur fundarstjóri með samþykkt fundarins og Inga Þóra Ingvarsdóttir settur fundarritari með samþykkt fundarins.

2. Lögmæti aðalfundar staðfest
Dagsetning aðalfundar var auglýst 13. janúar 2017. Fundarboð fór á netið þann 2. mars 2017 og var sent samdægurs á félagsmenn með tölvupósti og á samfélagsmiðlum.

Rétt til fundarsetu hafði félagsfólk með gilt félagsskírteini. Hægt var að greiða félagsgjöld við innganginn.

Aðalfundur lýstur lögmætur af fundarstjóra.

3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa
Formaður kynnir ársskýrslu félagsins. *Engar athugasemdir gerðar við ársskýrslu.*

4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar
Gjaldkeri félagsins, Benedikt Traustason, kynnir reikninga fyrra árs. *Reikningar samþykktir samhljóða.*

5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram
Gjaldkeri félagsins kynnir fjárhagsáætlun ársins.

6. Laga- og stefnuskrábreytingar
Þann 16. febrúar 2017 skilaði lagabreytinganefnd Samtakanna '78, sem skipuð var á félagsfundi 6. október 2016, tillögum sínum að lagabreytingum til stjórnar félagsins. Tillögurnar voru birtar á vef samtakanna (sjá sem viðauka við fundargerð), þær voru fyrst kynntar fyrir félögum á félagsfundi 28. febrúar 2017 og voru síðan teknar til umfjöllunar og bornar undir atkvæði á aðalfundinum. Engar aðrar lagabreytingartillögur bárust innan tilskilins frests.

Marion Lerner úr lagabreytinganefnd kynnir störf lagabreytinganefndar.

Álfur Birkir Bjarnason, fulltrúi stjórnar í lagabreytinganefnd, leiðir kosningar um lagabreytingar.

Samantekt lagabreytingaferlis á fundinum:

- Einni tillögu var vísað frá á fundinum, tillögu við gr. 7.1.
- Tillögur við greinar 3.2, 3.5 og 5.5 voru samþykktar að undangengnum smávægilegum orðalagsbreytingum sem fundurinn kom sér saman um, án sérstakrar atkvæðagreiðslu um breytingatillögu (Texta breyttra tillagna má sjá í töflu hér að neðan.)
- Breytingatillögur komu fram við tillögur lagabreytinganefndar um greinar 3.3, 3.4 og 3.8. Breytingatillögurnar voru allar samþykktar og tillögur nefndarinnar samþykktar svo breyttar. (Texta breyttra tillagna má sjá í töflu hér að neðan.)
- Aðrar tillögur lagabreytinganefndar voru allar samþykktar af fundinum.

Tillögur nefndarinnar voru afgreiddar í þeirri röð sem hér segir, með eftirfarandi niðurstöðum. (Frummælendur breytinga- og frávísanatillagna eru tilgreindir innan sviga þar sem við á.)

Nr. greinar	Tegund tillögu	Niðurstaða
1.1	Breyting	Samþykkt
2.1	Breyting	Samþykkt
2.2	Breyting	Samþykkt
2.5	Felld út	Samþykkt
6.6	Flutt, verður gr. 2.5	Samþykkt
3.2	Breyting; orðalagi breytt á aðalfundi	Samþykkt svo breytt
4.4	Breyting	Samþykkt
4.5	Breyting; skipt í tvennt, 4.5 og 4.6	Samþykkt
6.4 og 6.5	Felldar út; í stað kemur ný gr. 4.8	Samþykkt
5.3	Breyting	Samþykkt
5.5	Breyting; orðalagi breytt á aðalfundi	Samþykkt svo breytt
6.3	Felld út	Samþykkt
6.7	Flutt, verður gr. 7.5	Samþykkt
Heiti 6. kafla	Breyting	Samþykkt
8.1	Breyting	Samþykkt
1.2	Breyting	Samþykkt
3.3	Breyting	Samþykkt
	a) Breytingatillaga (Kitty Anderson)	Brt. samþykkt
	b) Aðaltillaga	Samþykkt svo breytt
3.4	Breyting	Samþykkt
	a) Frávísunartillaga (Sigurður Júlíus Guðmundsson)	Frvt. felld
	b) Breytingartillaga (Álfur Birkir Bjarnason)	Brt. samþykkt
	c) Aðaltillaga	Samþykkt svo breytt
3.4.1	Ný grein	Samþykkt
4.1	Breyting	Samþykkt
4.3	Breyting	Samþykkt
3.6	Ný grein (eldri gr. 3.6 verði gr. 3.7)	Samþykkt

3.8	Breyting	
	a) Breytingatillaga (Reynir Þór Eggertss.)	Br. samþykkt
	b) Aðaltillaga	Samþykkt svo breytt
5.1	Breyting; skipt í 5.1 og 5.2	Samþykkt*
5.2	Felld út	Samþykkt*
5.6	Ný grein	Samþykkt*
5.7	Ný grein	Samþykkt*
7.1	Breyting	
	a) Frávísunartillaga (Daníel)	Samþykkt
7.2	Breyting	Samþykkt
3.5	Breyting; samræmd á aðalfundi	
	við áður samþykktar breytingar	Samþykkt svo breytt
7.4	Leiðrétting á tilvísun í gr. 3.5	Samþykkt

*Tillögur að breytingum á gr. 5.1, 5.2, 5.6 og 5.7 voru samþykktar í einni atkvæðagreiðslu til að tryggja samræmi þeirra á milli.

Texti tillagna sem tóku breytingum fyrir samþykkt:

Grein	Eldri lög	Tillaga nefndar	Breytingatillaga (samþykkt á fundi)
3.2	Í nóvember skipar félagsfundur þriggja manna kjörnefnd. Nefndin skal lýsa eftir og vinna að því að framboð berist til kjörs stjórnar og tíu félagsmanna til að sitja í trúnaðarráði svo og félagslegra skoðunarmanna reikninga. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja að jafnræði ríki hvað snertir m.a. aldur og kyn í hópi frambjóðenda.	Í nóvember skipar félagsfundur þriggja manna kjörnefnd. Nefndin skal lýsa eftir framboðum og tilnefningum til kjörs stjórnar, trúnaðarráðs og félagslegra reikninga. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja að jafnræði ríki hvað snertir m.a. aldur og kyn í hópi frambjóðenda. Kjörnefnd setur sér skriflegar verklagsreglur og ber ábyrgð á framkvæmd kosninga á aðalfundi.	Í nóvember skipar félagsfundur þriggja manna kjörnefnd. Nefndin skal lýsa eftir framboðum og tilnefningum, og vinna að því að framboð berist til kjörs stjórnar, trúnaðarráðs og félagslegra reikninga. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja að jafnræði ríki hvað snertir m.a. aldur og kyn í hópi frambjóðenda. Kjörnefnd setur sér skriflegar verklagsreglur og ber ábyrgð á framkvæmd kosninga á aðalfundi.

Grein	Eldri lög	Tillaga nefndar	Breytingatillaga (samþykkt á fundi)
3.3	Framboðsfrestur rennur út hálfum mánuði fyrir aðalfund og skulu frambjóðendur skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir og tilgreina varaframboð ef við á. Öll framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu eftir það kynnt á vefsíðu félagsins.	Frambjóðendur skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar fyrir aðalfund eða til fundarstjóra aðalfundar eftir að aðalfundur hefst og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir. Fyrirliggjandi framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu kynnt í aðalfundarboði.	Framboðsfrestur til stjórnar rennur út tveimur vikum fyrir aðalfund. Framboðum til stjórnar skal skilað skriflega til kjörnefndar og tilgreina varaframboð ef við á. Frambjóðendur til trúnaðarráðs og skoðunar manna reikninga skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar fyrir aðalfund eða til fundarstjóra aðalfundar eftir að aðalfundur hefst og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir. Öll fyrirliggjandi framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu kynnt á vefsíðu félagsins. Kjörnefnd getur framlengt framboðsfrest ef svo ber undir.
3.4	Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) embætti formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa; 2) embætti meðstjórnenda; 3) sæti í trúnaðarráði. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði hans. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.	Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.	Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.

Grein	Eldri lög	Tillaga nefndar	Breytingatillaga (samþykkt á fundi)
3.8	(ný grein)	Komi í ljós formgalli á aðalfundi eða boðun hans, skal boðað til fundarins að nýju án tafar. Skal þá auglýsa dagsetningu nýs aðalfundar með minnst sex vikna fyrirvara og boða til hans skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Opnað skal að nýju fyrir framboð til trúnaðarstarfa skv. gr. 3.3 og innsendingu lagabreytingatillagna skv. gr. 8.1.	Komi í ljós formgalli á aðalfundi eða boðun hans, skal boðað til fundarins að nýju án tafar. Að auki getur stjórn boðað aukaaðalfund hvenær árs sem er, þyki henni tilefni til. Skal þá auglýsa dagsetningu nýs aðalfundar með minnst sex vikna fyrirvara og boða til hans skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Opnað skal að nýju fyrir framboð til trúnaðarstarfa skv. gr. 3.3 og innsendingu lagabreytingatillagna skv. gr. 8.1.
5.5 og 5.6	5.5. Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og í það minnsta 5 meðlimir séu á fundi. 5.6. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.	Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og meirihluti fulltrúa sé á fundi. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.	Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og meirihluti kjörinna fulltrúa sé á fundi. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Um miðbik lagabreytingavinnu, að lokinni samþykkt á grein 4.3, er gert hlé. María leggur til breytingu á dagskrá til að heiðra Þóri Björnsson, sem er elsti félagi Samtakanna og fundargestur. Hann er heiðraður með lófaklappi.

Lagabreytingar eru lagðar undir fund og þær samþykktar í heild sinni.

Marion biður um orðið til að þakka fundinum og Álfí og fundarstjóra sérstaklega. María þakkar Marion fyrir hennar störf.

7. Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.

Í kjörnefnd voru: Alexander Björn Gunnarsson, Ásta Ósk Hlökkversdóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir.

Kjörnefnd tekur við fundarstjórn við atkvæðagreiðslu um stjórn, meðstjórnendur, trúnaðarráðs og skoðunarmenn reikninga.

Kjörnefnd kallaði eftir framboðum til trúnaðarstarfa fyrir félagið, en tilkynningu þess efnis sendi nefndin frá sér þann 6. febrúar 2017. Framboðsfrestur rann út þann 4. mars. Innan framboðsfrests bárust 22 framboð í 19 embætti.

Frambjóðendur í eftirfarandi embætti kynntu sig á fundinum.

Framboð til formanns: María Helga Guðmundsdóttir.

Framboð til varaformanns: Sigurður Júlíus Guðmundsson.

Framboð til ritara: Álfur Birkir Bjarnason.

Framboð til gjaldkera: Benedikt Traustason.

Framboð til alþjóðafulltrúa: Kitty Anderson.

Sjálfkjörið var í embættin og því fagnað með lófataki.

Álfur leggur til dagskrárbreytingatillögu til að ræða um beiðni Íslenskrar erfðagreiningar til Samtakanna á meðan kjörstjórn telur atkvæði vegna kjörs á meðstjórendum.

Benedikt leggur til dagskrárbreytingu til að kynna tillögur um markmið varðandi að eldast hinsegin. Það er samþykkt.

Önnur mál, innskot 1: Benedikt kynnir markmið um að eldast hinsegin, sem birtast í viðauka ársskýrslunnar. Málið fellur undir liðinn Önnur mál.

Kosning um markmiðin. Markmið er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál, innskot 2: María biður um orðið til að koma með tilkynningu frá fráfarandi stjórn um að Fríðu Agnarsdóttur verði veitt heiðurmerki Samtakanna við hátíðlega athöfn sunnudaginn 26. mars næstkomandi. Liðurinn fellur undir Önnur mál.

Önnur mál, innskot 3: Kynnt var ósk Íslenskrar erfðagreiningar um formlegt samstarf við Samtökin '78 um rannsókn á erfðafræðilegum grundvelli kynhneigðar. Erindið var upphaflega kynnt fyrir félögum á félagsfundi 28. febrúar 2017. Á aðalfundinum var erindið kynnt aftur og fóru fram umræður

um það. Borið undir atkvæði hvort Samtökin '78 skuli ganga til viðræðna um samstarf við rannsóknina. Tillagan var felld með öllum greiddum atkvæðum.

Umræður um beiðnina og mælendur almennt á móti því að orðið verði við beiðninni.

Tillagan um að ganga til viðræðna um samstarf við Íslenska erfðagreiningu er felld með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál, innskot 4: Sigurður Júlíus leggur það til að aðalfundur leggi það til að við stjórn að það sé boðið upp á tungumálatúlkun á stærri viðburðum, s.s. aðalfundi. Fundur samþykkir það.

8. Kjör tveggja meðstjórnenda

Í framboð til meðstjórnenda bárust fjögur framboð. Eftirfarandi tveir frambjóðendur hlutu kosningu:

Guðmunda Smári Veigarsdóttir og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir.

9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráð

Kjörnefnd kallaði eftir framboðum til trúnaðarráðs fyrir félagið. Tilkynningu þess efnis sendi nefndin frá sér þann 6. febrúar 2017. Framboðsfrestur rann út þann 4. mars. 11 framboð bárust í 10 sæti trúnaðarráðs, eftirfarandi frambjóðendur hlutu kosningu: Alda Villiljós, Andrés Peláez, Guðjón Ragnar Jónasson, Guðný Guðnadóttir, Ingileif Friðriksdóttir, Jóhann G. Thorarensen, Marion Lerner, Ragnhildur Sverrisdóttir, Reynir Þór Eggertsson, Sigríður J. Valdimarsdóttir.

10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga

Í framboði sem skoðunarmenn reikninga voru: Heiður Björk Friðbjörnsdóttir og Sigurjón Guðmundsson. ***Sjálfkjörið var í embættin og því fagnað með lófataki.***

11. Önnur mál


Engar umsóknir um hagsmunaaðild bárust innan tilskilins frests. Þau mál sem upp komu á fundinum voru tekin til afgreiðslu meðan talning atkvæða til meðstjórnenda stóð yfir. Gerð er grein fyrir þeim undir lið 7 hér að ofan (Önnur mál, innskot 1–4).

María ávarpar fundinn og þakkar starfsmönnum fundarins, frambjóðendum og fundargestum.

Tilkynnt var á að daginn eftir aðalfund (sunnudaginn 19. mars kl. 11–14) verði boðið upp á síðbúinn morgunverð, „brunch“ á Suðurgötu 3. Þar verða léttar veitingar á boðstólum og öllum velkomið að koma með eitthvað til að bæta við hlaðborðið.

Fundarstjóri sleit fundi klukkan 17:51.


Daniel Arnarsson
fundarstjóri


Inga Þóra Ingvarsdóttir
fundarritari